



Oddeyrarskóli Tengja

1. tölublað
skólaárið
2015 - 2016
September
2015

Velkomin í skólann skólaárið 2015—2016!

Nú er skólastarfið hafið enn á ný og og bjóðum við alla velkomna aftur í skólann. Við bjóðum nýja nemendur og foreldra þeirra sérstaklega velkomna til samstarfs.

Óhætt er að segja að skólaárið hafi farið vel af stað. Veðrið hefur verið gott og höfum við nýtt það til útiveru. Íþróttakennsla fer fram utandyra fyrstu vikur skólaársins og þriðjudaginn 1. september var útivistardagur, þar sem nemendur dreifðust á ýmsa staði á Akureyri og í nágrenni. Nemendur í 1. bekk fóru í Lystigarðinn, nemendur í 2.—4. bekk fóru í Krossanesborgir og nemendur mið- og unglíngastígs gátu valið sér ólík viðfangsefni. Val var um að ganga upp að Hraunsvatni, fara í hjólaferðir eða ganga í Kjarnaskóg. Við vorum heppin með veður og dagurinn því afar vel heppnaður.



Þetta skólaár hefst skólinn kl. 8:10 alla daga. Nú erum við byrjuð að bjóða upp á hafragraut á morgnana, foreldrum að kostnaðarlausu. Hafragrautur er borinn fram kl. 7:45-8:10 alla skóladaga og nemendur mið- og unglíngadeildar geta fengið hafragraut í frímínútum kl. 10:10.

Starfsmenn skólaárið 2015-2016

Hér er yfirlit yfir mönnun í skólanum á skólaárinu:

- **1. bekkur:** Sigrún Finnsdóttir og Svala Einarsdóttir. Stuðningsfulltrúi er Sunneva Guðgeirsd.
- **2. og 3. bekkur:** J. Freydís Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Ásta Einarsdóttir. Stuðningsfulltrúi er Bára Árný Sigþórsdóttir.
- **4. bekkur:** Sólveig Styrmsdóttir.
- **5.—7. bekkur:** Kristín Bergþóra Jónsdóttir, Herdís A. Jónsdóttir, Margrét Aðalgeirsdóttir, Anna Lilja Sigurvinsdóttir og Margrét Gunnhildur Gunnarsdóttir. Stuðningsfulltrúi á miðstigi er Íris Björk Sigurjónsdóttir.
- **8.-10. bekkur:** Margrét Helgadóttir, Raket Óla Sigmundsdóttir, Hrafnhildur Guðjónsdóttir, Þórarinn Torfason, Hjördís Stefánsdóttir og Fjóla Kristín Helgadóttir.
- Guðrún Jóhannesdóttir kemur inn í 1. og 4. bekk og annast þar stuðning og sérkennslu.
- **Húsvörður** er sem fyrr Kristinn Sigurðsson.
- **List- og verkgreinakennarar** eru Hafdís Bjarnadóttir, Steven Allard Bos (Stip), Linda Óladóttir, Gígja Þórarinsdóttir og Ingvar Engilbertsson.
- Heimir Örn Árnason annast **íþróttakennslu** og hluta af **sundkennslu** og Hrafnhildur Guðjónsdóttir og Guðrún Jóhannesdóttir kenna einnig sund.
- Starfsmenn í **eldhúsi** eru Hrafnhildur Jónsdóttir og Laufey Harrysdóttir.
- **Skólaliðar** skólaárið 2015-2016 eru Magnþór Jóhannsson, Guðný Sigurharðardóttir, Hrönn Ásbjörnsdóttir, Margrét Urður Snædal og Þorgerður Bjarnadóttir. Í afleysingum fyrir Þorgerði í haust er Sigfríð Friðbergdóttir.
- Ingibjörg Sólrún Ingimundóttir er skólahjúkrunarfræðingur.
- Í **stjórnendateymi** skólans eru Fjóla Kristín Helgadóttir deildarstjóri eldri deildar, Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri og Rannveig Sigurðardóttir deildarstjóri yngri deildar og staðgengill skólastjóra.

Á döfinni

8. september:

Dagur læsis

21.—25. september:

Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk.

2. október:

Starfsdagur kennara, frí hjá nemendum.

6. október:

Fjölgreindardagur

23.—26. október:

Haustfrí

Áherslur skólaársins

Skólaárið 2015-2016 leggjum við megináherslu á læsi (lestur og samræður), teymiskennslu og þróun á upplýsingatækni í námi nemenda. Markvisst verður unnið

að því að auka samræður í námi nemenda í gegnum þróunarverkefnið **Tölum saman – lærum saman** sem styrkt er af Sprotasjóði. Við teljum að með því að auka þátt samræðunnar getum við að mörgu leyti virkjað nemendur okkar betur. Í samræðunni þjálfast nemendur í að rýna til gagns, rökstyðja mál sitt og bera virðingu fyrir skoðunum annarra. Samræðan er góð leið til að skerpa skilning og auka samstarf nemenda. Við leggjum einnig mikla áherslu á að nemendur lesi í auknum mæli og jafnframt leggjum við okkur fram um að lesa fyrir nemendur.

Á undanförunum árum hefur kennarahópur við skólann sem kallaður er UT teymi skoðað mögulegar leiðir til að nýta upplýsingatækni enn frekar í skólastarfinu. Veturinn 2015 – 2016 munu kennarar efla sig áfram í notkun á *Google for education* og bæta við sig nýrri þekkingu sem tengist notkun Google umhverfisins, notkun spjalddölva í skólastarfi auk þess að prófa sig áfram með speglaða kennslu.



Húnaferð hjá 6. bekk

Skólaskipið Húni II hefur til margra ára boðið nemendum 6. bekkjar á Akureyri í siglingu þar sem börnin fá að veiða, gera að, elda hráefnið, rannsaka og fræðast um sjómennsku undir leiðsögn áhafnarinnar um borð. Miðvikudaginn 26. ágúst fóru nemendur í 6. bekk Oddeyrarskóla í siglingu þar sem Steini Þjé fór yfir öll öryggisatriði skipsins og kenndi krökkunum hvað gera skildi ef eitthvað kæmi uppá í ferðinni. Svo fengu þeir fræðslu um sjávardýr hjá Hreiðari Þór Valtýssyni líffræðingi og skoðuðu ýmis sýnishorn af skemmtilegum lífverum úr sjó. Þegar komið var út á Hörgárgrunn sást hvalablástur við austurströndina og var þá siglt þangað og fengu nemendur að sjá stórkostlega sýningu hnúfubaka. Þá var farið að veiða, gert að fiskinum og innnyflin skoðuð. Veiði var ágæt og margir sýndu mikla veiðitakta. Á heimleiðinni var fiskurinn grillaður og þeir sem vildu gátu smakkað.

Þetta var frábær ferð, nemendur 6. bekkjar stóðu sig vel og voru til fyrirmyndar.

Við þökkum áhöfninni á Húna, skóladeildinni og Háskólanum á Akureyri fyrir fróðlega og skemmtilega ferð!

